Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Ísafjarðarbær
MÓTTEKIÐ
29. maí 2017
Málsnr. 2017-03-0063
Frumrit - skilist til skjalasafns

Axel Rodriguez Överby

Hafnarstræti 10
400 Ísafjörður

26. maí 2017
*Mí*201705-0047/ 6.06

**Læknishúsið Hesteyri. Byggingarleyfi vegna breytinga.**

Í tölvupósti dags. 03.05.2017 leitar byggingafulltrúi Ísafjarðarbæjar eftir áliti Minjastofnunar Íslands vegna breytinga á Læknishúsinu á Hesteyri Með erindinu fylgja aðaluppdrættir af breytingunni. Sótt er um leyfi til að endurbyggja og stækka gamla viðbyggingu á suðvesturgafli hússins.

Læknishúsið er friðað skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Eigendum friðaðra húsa er skylt að leita álits Minjastofnunar ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja eða rífa.
Þær breytingar sem sótt er um eru óverulegar og útfærsla þeirra að öllu leyti í samræmi við upphaflegan byggingarstíl hússins.

*Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða breytingu á Læknishúsinu sem hefur ekki áhrif á ásýnd hússins frá götu. Frágangur ytri klæðningar, glugga, þakbrúna, dyra og svala skal taka mið af upphaflegum stíl hússins og einkennandi deililausnum bárujárnsklæddra timburhúsa frá sama tíma.*
*Hafa skal til hliðsjónar leiðbeiningarit Húsafriðunarnefndar um tréglugga og útveggjaklæðningar sem nálgast má á heimasíðu Minjastofnunar: www.minjastofnun.is. Komi í ljós fornminjar við uppgröft skal stöðva framkvæmdir og tilkynna Minjastofnun um fundinn án tafar.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Einar Ísaksson

Minjastofnun Íslands
Minjavörður Vestfjarða
www.minjastofnun.is

*Afrit í tölvupósti:* *skipulagsstofnun*